

**Nd.**

**385. Nefndarálit**

[127. mál]

um frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrirliggjandi frumvarp, eins og það var afgreitt frá efri deild, gerir ráð fyrir verulegri hækkun tekjuskatts. Heildarskattbyrði til ríkis og sveitarfélaga mun hækka um ca. 8 milljarða króna.

Við 2. umræðu í efri deild um þetta mál bentu fulltrúar Alþýðuflokksins á, að skv. tillögum stjórnarflokkanna mundi skattur hækka sérstaklega og tilfinnanlegast á tekjulágu einhleypu fólki og einstæðum foreldrum.

Þótt þessari gagnrýni Alþýðuflokksins hafi verið tekið illa í fyrstu af hálfu stjórnarliða hefur hún nú skilað þeim árangri, að úr þessum órétti hefur verið dregið, og er það ánægjulegt spor í rétta átt, þótt það hrökkvi skammt.

Þrátt fyrir þessa lagfæringu einkennist frv. enn af skattahækkunum. Heildarálögur til ríkis og sveitarfélaga á hjón með þrjú börn og fleiri hækka um 560 milljónir króna eða 5% í samanburði við áður gildandi lög og 11.6% útsvar. Tekjuskattsálögur á hjón með minni tekjur en 6 milljónir króna hækka nú um 442 milljónir króna frá þeim tillögum, sem samþ. voru við 2. umræðu í efri deild. Hjá hjónum með tvö börn, sem vinna fyrir 2.5 milljónum hvort, hækkar tekjuskattur um 74 þús. kr. frá þeim lögum, sem áður giltu.

Alþýðuflokkurinn telur að þessi stefna skattahækkana sé röng og skaðleg. Alþýðuflokkurinn telur að nú beri nauðsyn til að draga úr skattheimtu til þess að vernda raunkjör í landinu og þá fyrst og fremst hjá hinum tekjulægstu. Til þess er möguleiki með því að draga úr útgjöldum ríkisins, sbr. þær tillögur, sem Alþýðuflokkurinn hefur flutt um það efni.

Bent skal á að sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands hefur samþykkt stefnumörkun í kjaramálum, sem fellur saman við þá stefnu sem Alþýðuflokkurinn hefur boðað um að skattalækkarnir séu nærtækasta úrræðið til að vernda kjör launa-fólks og þá fyrst og fremst hinna lægst launuðu.

Bæði við 2. og 3. umræðu um þetta mál í efri deild voru af hálfu Alþýðuflokksins fluttar breytingartillögur um skattstiga, sem komu til móts við launafólk í samræmi við ofangreind sjónarmið. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga. Nú er þess enn freistað að ná fram stefnubreytingu í þessa átt. Þess vegna eru fluttar á sérstöku þingskjali breytingartillögur um skattstiga.

Samkvæmt þessum tillögum yrði skattstigi þannig, að af fyrstu 2.5 millj. kr. tekjuskattsstofni greiðist 16%, af næstu 3.5 millj. kr. tekjuskattsstofni 32%, en 48% af því sem er umfram 6 millj. kr. tekjuskattsstofn. Skattaafsláttur yrði 425 þús. kr. Gert er ráð fyrir að barnabætur reiknist með sama hætti og nú er í frumvarpinu.

Álagðir tekjuskattar yrðu samkvæmt tillögunum nettó um 35.5 milljarðar króna í stað ca. 46 milljarða króna samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi, og er þá í báðum tilvikum miðað við 47% tekjuaukningu milli ára skv. úrtaki Þjóðhagsstofnunar. Yrði þá innheimtur tekjuskattur um 7 milljörðum lægri en fjárlög gera ráð fyrir.

Einhleypt fólk mundi eftir þessum tillögum verða skattfrjálst, ef tekjur eru innan við 2 865 þús. kr. Hjá hjónum án barna, þar sem annar aðillinn vinnur fyrir öllum tekjunum, yrði enginn skattur af tekjum innan við 4340 þús. kr. Í fylgiriti eru nokkur samanburðardæmi um skatt skv. þessum tillögum annars vegar og tillögum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar hins vegar.

Fari svo mót von Alþýðuflokksins og láglaunafólksins í landinu að stjórnarliðar hér í háttvirtri neðri deild felli þessar breytingartillögur, þá er það enn eitt dæmið um þá forheimsku sem hæstv. ríkisstjórn virðist haldin.

Það verður líka eftir því tekið, hvort þetta hnefahögg hæstv. ríkisstjórnar andlit láglaunafólks í landinu er sú gjöf, sem stjórnarliðar hér á Alþingi telja best við hæfi launafólki til handa í þann mund sem hátíðis- og baráttudagur verkamanna, 1. maí, rennur upp.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Karvel Pálmason.

### Fylgirit.

Samanburðardæmi um tekjuskatt samkvæmt tillögum ríkisstjórnarflokkanna og samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.

#### Einhleypt fólk:

Brúttótekjur <sup>1)</sup>	Tekjuskattur:	
	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr. ....	108 þús. kr.	39 þús. kr.
4 000 þús. kr. ....	406 þús. kr.	327 þús. kr.
6 000 þús. kr. ....	1 085 þús. kr.	903 þús. kr.

#### Einstætt foreldri með eitt barn yngra en 7 ára:

Brúttótekjur <sup>1)</sup>	Tekjuskattur:	
	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr. ....	÷ 236 þús. kr. <sup>2)</sup>	÷ 306 þús. kr. <sup>2)</sup>
4 000 þús. kr. ....	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr. <sup>2)</sup>
4 000 þús. kr. ....	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr. <sup>2)</sup>

1) Nettótekjur reiknast 10% lægri en brúttótekjur.

2) ÷ táknað fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.

**Hjón með 2 börn:**

Brúttótekjur eiginm. þús. kr.	Brúttótekjur eigink. þús. kr.	Tekjuskattur	
		Till. ríkisstj. þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.
2 500	2 500	÷ 314 <sup>2)</sup>	÷ 560 <sup>2)</sup>
4 000	4 000	489	224
6 000	0	150	45

**Hjón, barnlaus:**

Brúttótekjur eiginm. þús. kr.	Brúttótekjur eigink. þús. kr.	Tekjuskattur	
		Till. ríkisstj. þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.
2 500	2 500	116	÷- 130 <sup>2)</sup>
4 000	4 000	919	654
5 000	0	267	190
6 000	0	580	475

---

<sup>2)</sup> ÷ táknar fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.